



ÁRSSKÝRSLA 2023 - 2024

Félag íslenskra safna og safnafólks



FÍSOS

Ársskýrsla FÍSOS 2023 – 2024

Anita Elefsen, formaður



Stjórn – verkskipting, fundir og almenn umsýsla

Síðasti aðalfundur FÍSOS var haldinn þann 9. október 2023 í Kornhúsinu á Árbæjarsafni. Á fundinum var kosið í embætti varaformanns, gjaldkera, ritara og varamanns til tveggja ára. Sitjandi varaformaður, Elsa Guðný Björgvinsdóttir gaf kost á sér áfram, en stjórnarmenn í embættum gjaldkera, ritara og varamanns gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en góð framboð bárust og voru kosin í stjórn; Hanna Rósa Sveinsdóttir gjaldkeri, Þorvaldur Gröndal ritari og Sigurlaugur Ingólfsson varamaður.

Rík ástæða er til að færa þeim þremur aðilum sem hurfu úr stjórn hjartans þakkir fyrir þeirra ríkulega framlag til starfsemi félagsins. Fyrst ber að nefna Jón Allansson, sem stýrði fjármálum félagsins í átján ár. Þá var Ingibjörg Áskelsdóttir ritari félagsins í rúman áratug og að endingu Hjörtur Þorbjörnsson sem var varamaður í stjórn í sex ár.

Stjórn FÍSOS tók því töluverðum breytingum og hana skipuðu á starfsárinu þau Anita Elefsen formaður, Elsa Guðný Björgvinsdóttir varaformaður, Hanna Rósa Sveinsdóttir gjaldkeri, Þorvaldur Gröndal ritari og Þóra Sigurbjörnsdóttir meðstjórnandi. Í stöðu varamanna eru Sigríður Þorgeirsdóttir og Sigurlaugur Ingólfsson. Ákveðið var að halda í þá hefð að bæði aðal- og varamenn sækji fundi stjórnar.

Stjórnin fundaði átta sinnum á starfsárinu og fóru allir fundir fram í fjarfundarbúnaði þar sem stjórnarmenn eru búsettir allvíða um landið; á Höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Siglufirði og Egilsstöðum. Stjórnarmenn hafa þar að auki sinnt og tekið þátt í ýmsum verkefnum á árinu, til að mynda útgáfu Kvists, undirbúningi og framkvæmd íslenska safnadagsins og íslensku safnaverðlaunanna, skipulagningu farskóla í samvinnu við farskólanefnd og undirbúningi og

framkvæmd málþings í samstarfi við ICOM og safnaráð sem fram fór í aðdraganda alþjóðlega safnadagsins og fjallaði um þema dagsins; söfn í þágu fræðslu og rannsókna.

Dagrún Ósk Jónsdóttir hefur starfað sem verkefnisstjóri FÍSOS frá vordögum 2022. Hún sinnir fjölbreyttum verkefnum í þágu félagsins og safnastarfs almennt. Stjórn FÍSOS færir Dagrúnu bestu þakkir fyrir vel unnin störf á líðandi starfsári.

Á aðalfundi 2023 var nafni félagsins breytt úr *Félag íslenskra safna og safnmanna* í *Félag íslenskra safna og safnafólks* og var merki félagsins, bréfsefni, heimasíða og aðrir miðlar uppfærðir til samræmis við nýtt nafn.

Seta í ráðum og nefndum

Safnaráð

Stjórn FÍSOS ákvað á fundi þann 14. desember 2020 að tilnefna Hlyn Hallsson og Gunnþóru Halldórsdóttur sem fulltrúa FÍSOS í safnaráði frá 1. febrúar 2021 til 31. janúar 2025. Hlynur, sem skipaður er aðalmaður í ráðinu sótti fundi ráðsins á starfsárinu líkt og skipunarbréf gerir ráð fyrir.

Húsafriðunarnefnd

Þann 15. febrúar 2021 tilnefndu Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS), Íslandsdeild Alþjóðráðs safna (ICOM) og FÍSOS þau Helgu Maureen Gylfadóttur og Örlyg Kristfinnsson í húsafriðunarnefnd. Skipunartímabilið er 1. maí 2021 – 30. apríl 2025. Bæði Helga Maureen og Örlygur sótt fundi á vegum nefndarinnar á árinu.

Rannsóknarsetur í safnafræði

Í apríl 2024 tók Þorvaldur Gröndal sæti Ingibjargar Áskelsdóttur sem aðalfulltrúi í stjórn Rannsóknaseturs í safnafræðum. Linda Ásdísardóttir er áfram varafultrúi. Einn fundur hefur verið haldinn á starfsárinu.

Farskólinn – Árlegt landsþing FÍSOS

Farskóli FÍSOS hefur verið haldinn árlega síðan 1989. Farskólinn er mikilvægur vettvangur endurmenntunar og samstarfs meðal íslenskra safna og starfsmanna þeirra. Á hverju hausti hittast safnmenn, bera saman bækur sínar, miðla þekkingu sinni og reynslu hvor með öðrum, heimsækja söfn, sýningar og setur víða um land og styrkja tengslanetið. Farskólinn hefur vaxið og dafnað á rúmum þremur áratugum en grunnstefið er og hefur frá upphafi verið endurmenntun félagsmanna. Ekki má gleyma að maður er manns gaman og þessi árlegu fundir hafa eflt kynnin og skapað góðan félagsanda – og eru mörgum mikið tilhlökkunarefni.



Farskóli 2023 fór fram dagana 10. – 13. október í Hollandi. Farskólastjóri var Cecilie Gaihede og með henni í farskólastjórn AlmaDís Kristinsdóttir en þeim til halds og trausts voru fulltrúar úr stjórn FÍSOS. Tæplega 120 manns tóku þátt í farskólanum og má reikna með að safnafólk hafi snúið aftur heim uppfyllt af innblæstri og hugmyndum. Alls voru heimsótt 29 söfn í 35 málstofum og vinnustofum. Söfnin voru ótrúlega fjölbreytt og áherslurnar misjafnar. Flest safnanna voru staðsett í Amsterdam, en einnig gátu þátttakendur valið um að heimsækja Amersfoort eða Utrecht og eins var hægt að velja um að heimsækja söfn í Leiden, den Haag eða Rotterdam. Tveir aðalfyrirlesarar fluttu erindi á Rijksmuseum í Amsterdam annars vegar Harm Stevens, forvörður og sýningarstjóri í sagnfræðideild og hins vegar Annemies Broekgaarden, deildarstjóri miðlunar og fræðslu og voru bæði erindin mjög áhugaverð. Stjórn FÍSOS þakkar þeim Cecilie og ÖlmúDís kærlega fyrir þeirra vinnu við undirbúning og framkvæmd skólans – en það var sannarlega umfangsmikið verkefni að skipuleggja farskóla í öðru landi án þess að hafa tengilið á staðnum.

Nú erum við samankomin á Akureyri til þátttöku í farskóla 2024 og getum strax farið að hlakka til farskóla 2025 á Selfossi. Staðsetning skólans haustið 2026 er enn óákveðin – og er hér með kallað eftir framboðum!


Félagatal

Samkvæmt félagatali í september 2024 eru skráðir 390 félagar í FÍSOS – og hefur þeim fjölgað um 13 frá síðasta aðalfundi; 357 einstaklingar og 33 stofnanir.

Félagsskírteini FÍSOS eru rafræn og gilda nú fyrir almanaksárið og félagar FÍSOS fá þau send með tölvupósti og hlaða niður í snjallsíma á einfaldan hátt og eru þau í kjölfarið aðgengileg í símaveski hvers

og eins. Þau sem ekki geta nýtt sér rafræn skírteini geta prentað skírteinið sitt og framvísað í stað hefðbundins skírteinis.

Safnablaðið Kvistur



Á aðalfundi félagsins 2016 var samþykkt að félagið tæki að sér útgáfu safnablaðsins Kvists. Þáverandi stjórn FÍSOS taldi að áframhaldandi útgáfa blaðsins væri íslensku safnastarfi til framdráttar og gæti þar að auki nýst til að auka sýnileika félagsins og efla starf þess. Núverandi stjórn tekur undir það álit. Allur rekstur og útgáfa blaðsins er nú í umsjón FÍSOS og hefur verkefnið meðal annars aðskildan reikning í bókhaldi félagsins.

Styrkur fékkst úr safnasjóði árið 2024 fyrir útgáfu 11. töl. Kvists að upphæð 1 mkr. og með framlagi félagsgjalda sem og auglýsingatekna var útgáfa 11. töl. tryggð. Blaðinu er dreift til þeirra félagsmanna sem greitt hafa félagsgjöld og þá er það einnig til sölu í Bóksölu stúdenta í Háskóla Íslands. Þá er aðgangur að eldri tölublaðum á heimasíðusíðu félagsins og á timarit.is – þó ári eftir

útgáfu. Fulltrúi stjórnar FÍSOS í ritstjórn er Þóra Sigurbjörnsdóttir en aðrir í ritstjórn eru: Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir ritstjóri, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Birna María Ásgeirsdóttir og Þorgerður Þorleifsdóttir.

Í nýju tölublaði er að finna fjölbreytt lesefni, meðal annars um þörfina á Náttúruminjasafni, ljósmyndaskráningu með aðstoð gervigreindar, táknmálsleiðsagnir, þátttöku Minjasafnsins á Akureyri í samfélagsverkefnum, viðbragðsáætlanir viðurkenndra safna, minjar og náttúruvá og eldsumbrot.

Stjórn FÍSOS færir ritstjórn Kvists bestu þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag við að koma blaðinu út og í hendur félagsmanna.

Samfélagsmiðlar

FÍSOS heldur út fésbókarsíðu en fylgjendur hennar í dag eru um 1.200 og fjölgar um liðlega 100 frá fyrra ári. Einnig heldur félagið utan um hóp á fésbókinni sem heitir Safnafólk – FÍSOS félag íslenskra safna og safnmanna þar sem félagsmenn eru hvattir til að deila viðburðum og öðru er viðkemur starfi safna. Í þeim hópi eru í dag 1025 (fjölgun um 74 á milli ára) og er hópurinn opinn fyrir öllu áhugafólki um söfn og störf þeirra.

Um mitt ár 2022 var stofnsettur Instagramreikningur í nafni FÍSOS – *Safnagrammið* en þar er ýmsum fróðleik miðlað í nafni félagsins auk þess sem söfn um land allt geta gefið innsýn í daglegt starf með svokallaðri yfirtöku.

Safnasjóður

Félagið sótti um í safnasjóð vegna úthlutunar fyrir árið 2024 og fékk úthlutað styrkjum til þriggja verkefna sem hefur verið komið í framkvæmd á árinu. Heildarúthlutun FÍSOS úr aðalúthlutun safnasjóðs 2024 nam 3,7 mkr.

- Farskóli FÍSOS 2024 – 2.000.000
- Safnblaðið Kvistur, 11. tbl. – 1.000.000
- Alþjóðlegi safnadagurinn, 18. maí – 700.000

Innlent samstarf

FÍSOS, ICOM og safnaráð

Í góðri samvinnu skipulögðu FÍSOS, ICOM og safnaráð málþing í aðdraganda alþjóðlega safnadagsins. Í skipulagshópi voru Anita Elefsen, Hólmur Hólm, Þóra Ólafsdóttir og Klara Þórhallsdóttir. Málþingið fór fram á Kjarvalsstöðum, Listasafni Reykjavíkur þann 14. maí 2024 undir yfyrskrift safnadagsins; *Söfn í þágu fræðslu og rannsókna*. Á dagskrá voru fjölbreytt erindi auk þess sem skoðuð var sýningin *Aðgát* undir leiðsögn Borghildar Óskarsdóttur að málþingi loknu.

FÍSOS og ICOM / Safnadagurinn 18. maí 2025 – *Söfn í þágu fræðslu og rannsókna*



Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí af International Council of Museums (ICOM). Þátttakendur eru um 40.000 söfn í 140 löndum. Söfn um allan heim skipuleggja dagskrá þann dag, helgina eða jafnvel vikuna alla sem 18. maí ber upp á og hefur það verið gert síðan 1977. Dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur hérlandis í átta ár.

Íslandsdeild ICOM og FÍSOS hvöttu söfn á Íslandi til að taka þátt í alþjóðlega safnadeginum út frá þemanu *Söfn í þágu fræðslu og rannsókna*. Verkefnisstjóri FÍSOS, Dagrún Ósk Jónsdóttir, sá um undirbúning og framkvæmd safnadagsins fyrir hönd félaganna tveggja. Hún sá um bæði undirbúning og framkvæmd safnadagsins, og hvatti söfn og starfsfólk þeirra til að taka virkan þátt í deginum. Sérstök áhersla var lögð á notkun samfélagsmiðla, en þar að auki var auglýst í útvarpi, greinar skrifaðar í dagblöð og haft var samband við forsetaframbjóðendur – sem voru allmargir þetta árið, og þeir fengnir til að senda

stutt myndband þar sem þau lýsa því hvers vegna þau elska söfn og hvert vægi þeirra sé í samfélaginu – allt var þetta gert í því augnamiði að vekja athygli á safnadeginum og safnastarfi í landinu almennt.

Kynningartexti fyrir Safnadaginn 2024 frá Íslandsdeild ICOM:

Yfyrskrift Alþjóðlega safnadagsins í ár, Söfn í þágu fræðslu og rannsókna, snýr að mikilvægi menningarstofnana þegar kemur að því að bjóða upp á heildræna fræðslu og tækifæri til þekkingaröflunar. Þá er markmiðið með því að halda upp á daginn að stuðla að vitundarvakningu í þessum efnum, sem og að ýta undir sjálfbæra hugsun og auka jöfnuð á heimsvísu.

Söfn þjóna samfélaginu sem kraftmiklar fræðslumiðstöðvar, þar sem þau glæða forvitni, sköpunargleði og gagnrýna hugsun. Nú í ár er vakin athygli á þætti safna í að styðja við rannsóknir og skapa vettvang til að kanna og deila hugmyndum. Hvort sem viðfangið er saga eða listir, tækni eða vísindi, þá eru söfn vel í stakk búin til að efla skilning og þekkingu okkar á heiminum í gegnum fræðslu og rannsóknir.

Á hverju ári síðan 2020 hefur Alþjóðlegi safnadagurinn varpað ljósi á valin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en í ár er lögð áhersla á eftirfarandi markmið:

- 4. Menntun fyrir öll: Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.
- 9. Nýsköpun og uppbygging: Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfstæðri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.

Í tilefni Alþjóðlega safnadagsins 2024 bjóðum við fólki að leiða hugann að fræðsluhlutverki safna og ímynda sér framtíð þar sem þekkingarmiðlun er ekki fjötrum háð, heldur heim þar sem nýsköpun og hefðir hafa jákvæð gagnverkandi áhrif. Þá hvetjum við ykkur til að taka þátt í að fagna með okkur þann 18. maí næstkomandi er við veltum fyrir okkur þeim mikla þekkingarauði sem söfn hafa að geyma og leggjum okkur fram um að byggja betri heim í sameiningu, með jöfnuð og framfarir að leiðarljósi!

FÍSOS og ICOM – Íslensku safnaverðlaunin 2024

Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna, ICOM, og FÍSOS standa saman að Íslensku safnaverðlauninum sem er viðurkenning veitt annað hvert ár íslensku safni fyrir framúrskarandi starfsemi, en fyrstu verðlaunin voru afhent árið 2000 og voru því afhent í fjórtánda sinn í ár. Valnefnd var skipuð haustið 2023, en í henni sitja fimm nefndarmenn. Fulltrúi þess safns sem síðast hlaut verðlaunin er formaður valnefndar auk þess sem FÍSOS og ICOM skipa hvort um sig tvo nefndarmenn. Valnefnd íslensku safnaverðlaunanna 2024 skipuðu Haraldur Þór Egilsson, formaður nefndarinnar fyrir hönd Minjasafnsins á Akureyri, Helga Einarsdóttir og Sigrún Kristjánsdóttir fyrir hönd FÍSOS og Bergsveinn Þórsson og Sigríður Örvarsdóttir fyrir hönd ICOM. Sem fyrr var tekið við ábendingum um verðlaunahafa eða framúrskarandi verkefni og bárust valnefnd alls um tuttugu tillögur um ólík söfn og verkefni.

Til safnaverðlaunanna voru tilnefnd fimm söfn og gaf valnefnd frá sér tilkynningu og rökstuðning fyrir tilnefningum þann 30. apríl 2024. Tilnefningar valnefndar í stafrófsröð:

➤ **Gerðarsafn er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna fyrir tengingu milli innra og ytra safnastarfs.**

Gerðarsafn hefur unnið metnaðarfullt starf sem skapar sterk tengsl milli innra og ytra safnastarfs með fjölbreyttum hætti. Leitast er eftir því að endurspegla stöðu safnsins sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, Gerði Helgadóttur (1928-1975), myndhöggvara. Sköpunarkraftur og tilraunasemi Gerðar er leiðarstef í sýningargerð, viðburðum og fræðslustarfi. Gerðarsafn leggur upp úr því að vera leiðandi safn og vettvangur samtímalistar á Íslandi. Sýningardagskrá endurspeglar strauma og stefnur samtímans samhliða verkum úr safneign.

Með öndvegisstyrk úr safnasjóði árið 2021 hefur Gerðarsafni verið gert kleift að ráðast í öflugt rannsóknarstarf á verkum Gerðar Helgadóttur. Rannsóknirnar hafa leitt af sér ný

sjónarhorn á listrænan feril hennar og veitt nánari innsýn í líf hennar og starf. Samhliða rannsóknunum hefur verið unnið að uppfærslu á skráningum í Sarpi sem mun auka aðgengi almennings að safneign sem og að tryggja fagleg vinnubrögð. Áherslur rannsókna árið 2023 voru að kortleggja bréfasamskipti Gerðar við ættingja og vini. Grunnögögnin voru þannig skrásett, rannsökuð og gerð aðgengileg fyrir rannsakendur. Unnið var að undirbúningi bókar og sýningar sem lokaútkomu rannsóknarverkefnisins. Þannig leitast Gerðarsafn við að gera rannsóknir á verkum og lífi Gerðar aðgengilegar fræðasamfélaginu og almennungi með sýningum, bókaútgáfu og skráningu í Sarp og fléttir þannig vel saman grundvallarþáttum safnastarfs með prýðilegum hætti.

GERÐUR grunnsýning opnaði í byrjun janúar 2023 á neðri hæð Gerðarsafns. Sýningin stendur sem breytileg grunnsýning en kjarni sýningarinnar eru járnverk Gerðar sem standa í rakastýrðu sérrými. Um er að ræða nýtt rými sem er samtímis sýningarsvæði og framlenging á varðveislurými safnsins. Með opnun sýningarinnar og þessu nýja varðveislurými var stigið mikilvægt skref í aðbúnaði listaverka í safneign og tengingu milli varðveislu og miðlunar. Sýningin er þar að auki í nánu samtali við fræðslurými safnsins Stúdíó Gerðar, þar sem gestum gefst færi á að fræðast um og skapa myndlist. Þá endurspeglar áherslur á fræðslustarf safnsins að vissu leyti rannsóknar- og sýningarstarfið. Auk þess hefur safnið verið í samstarfi við erlend og innlend söfn þar sem sjónum er beint að samtali myndlistar og umhverfismála. Þannig setur Gerðarsafn upp fjölbáttá samtali íslenskrar listasögu við strauma og stefnur samtímans.

Áherslur á tengingu innra og ytra starfs Gerðarsafns eru til fyrirmyndar þar sem byggt er á safneign, lífi og starfi Gerðar Helgadóttur. Safninu tekst vel til með að flétta saman varðveislu, listsögulegum rannsóknum og sýningarstarfi sem endurspeglar strauma og stefnur samtímans.

➤ **Listasafn Íslands er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna fyrir *Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi*.**

Verkefnið *Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi* miðar að því að auka aðgengi barna og ungmenna að menningarfi þjóðarinnar sem finna má í söfnum landsins. *Sjónarafl* er byggt á þróunarverkefni sem fræðsludeild Listasafns Íslands hefur unnið að undanfarin ár og byggir á alþjóðlegum rannsóknum í myndlæsi. Kennsla í myndlæsi eykur þekkingu yngri safngesta á myndlist, eflir gagnrýna hugsun, rökhusun og hugtakaskilning ásamt því að þjálfa nemendur í virkri hlustun og skoðanaskiptum.

Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi var þróað og unnið í samstarfi við Barnaskóla Hjallastefnunnar árin 2021-2022. Verkefnið miðar með markvissum hætti að því að tengja kennslu í myndlæsi og listasögu við skólakerfið og auka þekkingu nemenda á menningarsögu og myndlist. Að þróunarverkefni loknu varð til mikilvægt efni sem gefið var út í rafrænu formi sem og í prentaðri útgáfu. Með því er jafnframt stuðlað að aukinni þátttöku kennara og nemenda óháð búsetu. Þannig er komið til móts við skóla á landsbyggðinni sem hafa ekki sama svigrúm til safnaheimsókna og skólar á höfuðborgarsvæðinu.

Sérstaða og styrkur fræðsluefnisins er að auðvelt er að laga það að mismunandi aldri nemenda, allt frá leikskólum upp á háskólastig. Aðferðin hefur einnig nýst almennum safngestum til dýpkunar skilnings á safnkostinum. Sömuleiðis er vel hægt að yfirfæra aðferðina á safnkost annarra safna á Íslandi.

Með verkefninu uppfyllir Listasafn Íslands óskir um vandað efni sem kennir myndlæsi og byggir á verkum íslenskra myndlistarmanna. Menntunarhlutverk safnsins sem eitt af höfuðsöfnum landsins er veigamikil. Þá styður verkefnið við mynd- og menningarlæsi í skólakerfinu með beinni tengingu við aðalnámskrá grunnskóla, Barnasáttmálann og mennta- og menningarstefnu stjórnvalda. Efnið er nú þegar komið í notkun í mörgum skólum og hefur kennsluefnið einnig verið tekið í notkun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands þar sem nemendur nýta sér *Sjónarafl* í námi sínu. Listasafn Íslands er einnig að þróa fjarkennslu í myndlæsi og er sú vinna hafin í samstarfi við Grunnskóla Snæfellsbæjar og Menntaskólann á Egilsstöðum. Verkefnið hefur mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna enda eitt meginmarkmið þess að efla myndlæsi meðal almennings og dýpka þekkingu og áhuga á myndlist.

Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi er einstaklega vel unnið, faglegt og metnaðarfullt fræðsluverkefni þar sem myndlist og menning er kennd á framsækinn og áhugaverðan hátt. Verkefnið er skýrt og hnitmiðað og tenging skóla og safnastarfs er framúrskarandi en hentar einnig fullorðnum og almennum safngestum. Styrkur verkefnisins er sá að auðvelt er að aðlagja það mismunandi aldri, óháð búsetu. Einnig er auðvelt að yfirfæra aðferðina á safnkost annarra safna sem stuðlar að auknu samstarfi.

Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi setur metnaðarfull og fagleg viðmið í fræðslustarfi. Verkefnið er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.

➤ **Listasafn Reykjavíkur er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna fyrir framsækið miðlunarstarf.**

Grunnstef í miðlun Listasafns Reykjavíkur er að allir geti tengst myndlist í fortíð og samtíma á eigin forsendum. Gestir safnsins á öllum aldri, af ólíku þjóðerni og mismunandi áhuga eða getu eru hvattir til að skoða og uppgötva og ekki síst til þátttöku í miðlunarstarfi safnsins. Safnið leitast við að sníða sýningar og aðra miðlun með það að markmiði að skapa borgarbúum og öðrum gestum innihaldsríkar og ánægjulegar myndlistarstundir.

Aðgengi og inngilding er leiðarljós í fjölbreyttum miðlunarleiðum Listasafns Reykjavíkur í mörgum verkefnum, svo sem verkefninu *Myndlistin okkar* þar sem almenningur var hvattur til að velja verk á sýningu í gegnum stafræna miðla. Þannig gaf safnið gestum tækifæri til beinnar þátttöku í sýningargerðinni og stuðlaði um leið að vitundarvakningu um söfn og list. Gerðir voru 18 sjónvarpsþættir í tengslum við verkefnið þar sem þess var freistað að ná til breiðari hóps samfélagsins. *Myndlistin þeirra* voru svo smærri sýningar sem settar voru upp innan sýningarinnar *Myndlistin okkar*. Þar bauð safnið samstarfsaðilum sínum og fastagestum gegnum árin að velja eftir eigin höfði verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Settar voru upp fjórar sýningar sem stóðu í tvær til þrjár vikur í senn.

Verkefnið *Listin talar tungum* er sérsniðin leiðsögn fyrir fólk af erlendum uppruna, þar sem boðið er upp á leiðsagnir á þýsku, litháísku, spænsku, pólsku, arabísku, ukráínsku, rússnesku og kóresku til dæmis. *Tökum höndum saman* eru sérsniðnar stundir með tilliti til mismunandi þarfa gesta, til dæmis fyrir döff gesti, blinda og sjónskerta, fólk með heilabilun, fólk með skynúrvinnsluvanda o.s.frv. *Útilist í Reykjavík* er app þangað sem sækja má upplýsingar um öll útilistaverk í Reykjavík. Einnig heldur safnið málþing og ráðstefnur um safnamál og list, svo sem *Geymt dót sem tekur pláss* þar sem sjónum er beint að safneign og innra starfi. Safnið heldur einnig fjölmörg námskeið fyrir fullorðna og börn. *Flökkusýningar* eru

sérhannaðar fræðslusýningar sem flakka á milli skóla. *Abrakadabra* er fræðsluvefur fyrir unglunga. *Leikum að list* er fjölskyldudagskrá og er þá ekki allt upptalið.

Miðlunarstarf stendur og fellur með starfsfólkinu. *Þjónustuhandbók Listasafns Reykjavíkur* setur fram metnaðarfull markmið við móttöku gesta og er til fyrirmyndar í að hvetja starfsfólk á einfaldan og skýran hátt um mikilvægi viðhorfs og framkomu gagnvart gestum. Handbókin veitir öllu starfsfólki fræðslu og lykla að því hvernig veita skuli framúrskarandi þjónustu.

Í miðlunarstarfi sínu sýnir Listasafn Reykjavíkur mikinn metnað og nýsköpun til að ná til ólíkra markhópa safnsins á framúrskarandi hátt.

➤ **Sauðfjársetur á Ströndum er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna fyrir samfélagslega nálgun í safnastarfi.**

Sauðfjársetur á Ströndum er mikilvæg og öflug menningarstofnun sem hefur haft gríðarmikið gildi fyrir samfélagið á Ströndum frá því það var sett á fót árið 2002. Sauðfjársetrið hefur staðið fyrir nýsköpun og uppbyggingu á sviði menningar og lista og aukið menningarlega fjölbreytni nærsamfélagsins. Safnastarf á Sauðfjársetrinu hefur á skömmum tíma vakið athygli fyrir öflugt rannsóknarstarf sem og frumlega og fræðandi viðburði eins og sviðaveislu og Íslandsmeistaramót í hrútaðómum.

Starf safnsins tengir á áhugaverðan hátt náttúru og sögu samfélagsins. Náttúrubarnaskólinn á Ströndum hefur verið starfræktur síðan 2015. Hann byggir á hugmyndafræði um náttúrutúlkun og menntatengda ferðaþjónustu. Í skólanum er boðið upp á margvísleg dags-eða helgarnámskeið fyrir börn, þar sem miðlað er fróðleik um náttúru og umhverfi, í listasmiðjum og með útivist og skemmtun. Í tengslum við skólann hefur þróast Náttúrubarnahátíð sem byggir á útivist, náttúrutúlkun og þjóðfræði.

Sauðfjársetrið hefur sinnt faglegu safnastarfi af krafti og safnað á skipulegan hátt munum, myndum og minningum Strandamanna og miðlað þeim með margvíslegum hætti, til dæmis með hlaðvarpsþáttunum *Sveitasíminn*.

Rannsóknarstarf Sauðfjársetursins hefur verið til fyrirmyndar. Það hefur allt frá stofnun staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum og útgáfustarfsemi á sögu og menningu íbúa svæðisins í samstarfi við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu. Þótt Sauðfjársetrið sé lítið safn á mælikvarða menningarstofnana er gildi þess fyrir samfélagið á Ströndum, mannlíf og menningu, langt umfram umfang starfsemi þess. Með starfi sínu hefur starfsfólk Sauðfjárseturs eflt menningarvitund og áhuga á sögu og menningu svæðisins langt út fyrir nærsamfélagið.

➤ **Þjóðminjasafn Íslands er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna fyrir sýninguna *Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda* ásamt útgáfu og dagskrá.**

Sýningin *Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda* var sett upp í tilefni útgáfu samnefndrar bókar eftir Elsu E. Guðjónsson, fyrrverandi deildarstjóra textíl- og búningadeildar Þjóðminjasafns Íslands, en var auk þess aðalviðburður afmælisdagskrár safnsins á 160 ára afmæli þess árið 2023.

Á sýningunni *Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda* er heildarsafn íslenskra refilsaumsverka saman komið en alls hafa fimmtán verk, hin skrautlegu tjöld, varðveist og teljast á meðal glæsilegustu listaverka þjóðarinnar. Öll verkin eru kirkjuklæði og innihalda refilsaum, ensk-norræna útsaumsgerð sem varðveittist á Íslandi. Um er að ræða tíu

myndskreytt altarisklæði, stakan altarisvæng með refilsaumuðum borða, hökul með refilsaumuðum róðukrossi, andlitsmynd af Þorláki Skúlasyni biskup, altarisbrún með refilsaumaðri áletrun og myndskreyttan refil eða veggklæði. Tólf klæðanna eru frá síðmiðöldum og þau elstu frá því seint á 14. öld. Þrjú hin yngri eru frá sautjándu öld og talið er víst að það yngsta sé frá árinu 1677. Einnig er talið að miðaldaverkin hafi flest verið saumuð við nunnuklaustrin tvö að Kirkjubæ og Reynisstað eða við biskupsstólanna tvo og líklegt er að margar hendur hafi komið að gerð hvers klæðis en öll eru verkin vitnisburður um stórfenglegt listhandverk kvenna á miðöldum.

Sýningin byggir á níu verkum í eigu Þjóðminjasafns Íslands en sex eru í eigu þriggja erlendra safna: Louvre-safnsins í París, Þjóðminjasafns Dana og Rijksmuseum Twenthe í Hollandi. Hafa flest verkanna áður verið lánuð á sýningar Þjóðminjasafnsins en er þetta í fyrsta skipti sem þau fást og sjást samtímis á sýningu hjá safninu. Telst þetta til stórviðburðar og hefur Þjóðminjasafn Íslands gengist undir strangar kröfur eigendanna varðandi forvörslu, umhverfi og aðstæður sýningarinnar, sem er glæsilega hönnuð.

Ítarleg dagskrá viðburða var sett saman í tengslum við sýninguna sem hafa verið afar vel sóttir og vakið verðskuldaða athygli almennings. Haldin hafa verið tvö málþing með átta fyrirlesurum, auk fjölda sérfræðileiðsagna, hádegisfyrirlestrar með stökum sérfræðifyrirlestrum, barnaleiðsagnir og handverksnámskeið. Þar að auki var samin sérstök fræðsludagskrá, miðuð að nemendum á miðstigi grunnskóla, þar sem fjallað er um handverk miðalda með áherslu á mynd- og ritlist.

Sýningin *Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda* fylgir útgáfu samnefndrar bókar sem byggir á niðurstöðum áratugalangra rannsókna Elsu E. Guðjónsson sem lést árið 2010. Rannsóknir Elsu eru einstakar í sinni röð og einkennast skrifin af alúð og nákvæmni er kemur að tækni og ferli, ásamt sögulegu og listrænu samhengi hvers klæðis. Um er að ræða stórbrotið verk sem Lilja Árnadóttir, fyrrverandi samstarfskona Elsu og sviðsstjóri á Þjóðminjasafni Íslands, lauk við og bjó til prentunar og ritstýrði ásamt Merði Árnasyni. Hlaut bókina Fjöruverðlaunin 2024 í flokki fræðirita, tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2023 og tilnefningu til Viðurkenningar Hagþenkis 2024.

Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda – sýning, dagskrá og útgáfa – er einstakur viðburður í íslensku safnastarfi.



Íslensku safnaverðlaunin 2024 hlaut Listasafn Reykjavíkur fyrir framsækið miðlunarstarf. Sigrún Brynja Einarsdóttir ráðuneytisstjóri Menningar- og viðskiptaráðuneytis afhenti verðlaunin í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

FÍSOS, Samtök ferðapjónustunnar (SAF) og Safnafræðideild Háskóla Íslands

Í samvinnu félaganna þriggja; Samtaka ferðapjónustunnar (SAF), Safnafræðideildar HÍ og Félagi íslenskra safna og safnafólks (FÍSOS), var staðið fyrir málþingi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins þann 8. desember 2023. Inntak málþingsins var *Samstarf ferðapjónustu og safna, safnvísa, setra og sýninga* og flutti Anita Elefsen formaður FÍSOS erindi undir yfirskriftinni *Söfn: Faglegar stofnanir á sviði minjavörslu eða hluti ferðapjónustunnar?* Stefnt er að því að halda áfram þessu mikilvæga samtali við skipulögðum hætti, og hefur Guðrún D. Whitehead þegar hafið skipulagningu á næsta áfanga þess.

Safnasóknin

Verkefnisstjóri FÍSOS, Dagrún Ósk Jónsdóttir, réðist í verkefni *Safnasóknin* á árinu. Verkefnið hefur hagsmuni safna og safnastarfs að leiðarljósi og snýr að því hvernig má vekja athygli á því mikilvæga starfi sem söfnin sinna, en miðað við samfélagsumræður og niðurstöður úr könnun á fjármögnun safna, er ekki vanþörf á. Haldnir voru fjórir vinnufundir víðsvegar um landið: á Siglufirði, Egilsstöðum, í Stykkishólmi og Reykjavík. Safnafólki úr hverjum landshluta var boðið á fundinn, sem var tvískiptur og byggðist upp á umræðum. Annars vegar var rætt um mikilvægi safna fyrir samfélagið, styrkleika þeirra, tækifæri og ógnir og hins vegar hvaða aðgerðum sé hægt að beita til að vekja athygli ólíkra hópa á mikilvægi þeirra, svo sem þingmanna, sveitarstjórna, almennings og ferðapjónustuaðila. Umræðum og hugmyndum sem komu upp á fundunum var safnað saman og útbúin skýrsla um stöðuna og aðgerðaáætlun – sem kynnt er á farskóla 2024. Í kjölfarið er markmiðið að stofna hagsmunahóp safna. Dagrún fór meðal annars á fund Lilju Alfreðsdóttur menningar- og ferðamálaráðherra og kynnti verkefnið.

Samstarf RÚV og FÍSOS

Sumarmál

Frá árinu 2018 hefur FÍSOS átt í samstarfi við þáttinn Sumarmál á Rás 1 þar sem fjallað hefur verið um íslensk söfn og starfsemi þeirra amk einu sinni í viku yfir sumartímann. Nú í sumar var fjallað um *safn vikunnar* sjö sinnum á tímabilinu 18. júní – 26. ágúst. Þáttarstjórnendur tóku viðtöl við fulltrúa safna um land allt og ræddu fjölbreytt verkefni, sýningar, gestamóttöku og þar fram eftir götunum. Eftirtalin söfn þátt í verkefninu sumarið 2024: Listasafn Svavars Guðnasonar, Minjasafn Austurlands, Borgarsögusafn Reykjavíkur, Byggðasafn Reykjanesbæjar, Hafnarborg, Safnahús Borgarfjarðar, Gerðarsafn, Landbúnaðarsafn Íslands, Síldarminjasafn Íslands og Flugsafn Íslands.

Líkt og áður voru þáttarstjórnendur afar ánægðir með framlag félagsmanna til verkefnisins og er von á áframhaldandi samstarfi næsta sumar.

Samlesnar auglýsingar

Undanfarin ár hefur FÍSOS í samvinnu við auglýsingardeild RÚV staðið fyrir sameiginlegu kynningarátaki safna með samlesnum auglýsingum á rásum ríkisútvarpsins; Rás1 og Rás2. Því samstarfi var haldið áfram með sama hætti og árið áður. Söfn hvers landshluta voru kynnt saman í því augnamiði að fjölga safnheimsóknum innlendra gesta á ferð um landið.

Erlent samstarf

NEMO - Network of European Museum Organisation

Í nóvember 2023 fór fram aðalfundur NEMO og í kjölfarið árleg ráðstefna. Þema ráðstefnunnar var staða safna í baráttunni við loftslagsbreytingar í heiminum. Um 300 manns frá u.þ.b. 40 löndum sóttu ráðstefnuna og samanstóð dagskráin af fyrirlestrum, umræðum og örnámskeiðum og var eins yfirgripsmikil og fjölbreytt og þemað gaf til kynna. Ráðstefnan fór fram í Lahti í Finnlandi, sem árið 2021 var valin sem „græn höfuðborg Evrópu“ og sótti Þorvaldur Gröndal hana fyrir hönd FÍSOS.

Að endingu

Í þessari ársskýrslu er tíundað það helsta sem stjórn FÍSOS hefur tekið sér fyrir hendur á líðandi starfsári – en verkefnin hafa verið fjölbreytt og skemmtileg og skýrslan ekki tæmandi. Stjórnin vann að heilindum að öllum þeim verkefnum sem hún tók sér fyrir hendur og tók þátt í – og hafði í allri þeirri vinnu starfsemi safna, sýnileika þeirra og stöðu í samfélaginu að leiðarljósi. Þrátt fyrir að allir fundir hafi verið fjarfundir hefur stjórninni og verkefnisstjóra tekist að eiga í góðri samvinnu um hin fjölbreyttustu verkefni með dyggri aðstoð nútímataækni.

Ég þakka félagsmönnum öllum sem og stjórnarmönnum gott og gefandi samstarf – ekki bara á líðandi starfsári, heldur síðastliðnum fjórum árum. Nú læt ég af embætti formanns félagsins eftir skemmtileg og gefandi ár og það er kannski bara svolítið viðeigandi að skila af sér embættinu á sama stað og ég sótti minn fyrsta farskóla árið 2012. Ég veit að nýjir fulltrúar í stjórn félagsins munu standa sig vel og njóta þess að starfa í þágu safna og safnafólks í landinu – því það er sannarlega skemmtilegt verkefni. Auk mín hverfa nú úr stjórn Þóra Sigurbjörnsdóttir meðstjórnandi og Sigríður Þorgeirsdóttir varamaður – og finnst mér rík ástæða til að þakka þeim fyrir sitt framlag með lófataki.



formaður FÍSOS

Síglufirði, 29. september 2024

Stjórn FÍSOS 2023 – 2024 skipa:

Formaður: Anita Elefsen, Síldarminjasafn Íslands

Varaformaður: Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Minjasafn Austurlands

Gjaldkeri: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Minjasafnið á Akureyri

Ritari: Þorvaldur Gröndal, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Meðstjórnandi: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Listasafn Einars Jónssonar

Varamenn: Sigríður Þorgeirsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands og Sigurlaugur Ingólfsson, Borgarsögusafn Reykjavíkur